

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/1005****2022/EES/4/03****frá 15. júní 2017**

um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar snið og tímasetningu tilkynninga og birtingar á tímabundinni stöðvun viðskipta með fjármálagerninga og töku þeirra úr viðskiptum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB um markaði fyrir fjármálagerninga (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 32. gr. og 3. mgr. 52. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun 2014/65/ESB kemur á kerfi fyrir það hvernig á að birta og tilkynna tímanlega og á skilvirkan hátt tímabundna stöðvun viðskipta með fjármálagerninga, afléttingu tímabundinnar stöðvunar og töku fjármálagerninga úr viðskiptum.
- 2) Birting rekstraraðila viðskiptavettvanga og lögbærra yfirvalda á ofangreindum upplýsingum á vefsetrum tryggir auðveldan aðgang, án þess að hafa umtalsverðan viðbótarkostnað í för með sér. Birting á vefsetri ætti þess vegna að vera meginaðferðin við birtingu og samtíma miðlun upplýsinga í Sambandinu. Til að tryggja að upplýsingarnar séu gerðar aðgengilegar öllum á sama tíma ætti birting eftir öðrum leiðum eingöngu að vera möguleg samtímis birtingu á vefsetrinu eða eftir hana.
- 3) Vegna þess að þörf er fyrir hröð og nákvæm samskipti sem gera upplýsingaskiptin og samstarfið skilvirkt, eins og sett er fram í tilskipun 2014/65/ESB, ætti að mæla fyrir um samræmt snið og tímasetningar tilkynninga og birtinga sem gera kleif að tilkynna um og birta allar upplýsingar sem skipta máli á skjótan og skilvirkan hátt. Notkunin á þessum sniðum og tímasetningum ætti ekki að hafa áhrif á notkun annarra sniða eða tímasetninga í undantekningartilvikum og af ófyrirséðum aðstæðum, ef sniðin og tímasetningarnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð eru ekki viðeigandi með hliðsjón af umfangi og því hve aðkallandi tilkynningarnar eru, sem t.d. leiðir af lokun alls markaðarins.
- 4) Nauðsynlegt er, til að gæta samræmis og tryggja snuðulausa starfsemi fjármálamarkaðsins, að ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og ákvæðin sem mælt er fyrir um í tilskipun 2014/65/ESB komi til framkvæmda frá og með sama degi.
- 5) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðs-eftirlitsstofnunin (ESMA) hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 6) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á og óskað eftir álit hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽²⁾.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 153, 16.6.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 88, 31.10.2019, bls. 7.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um snið og tímasetningar eftirfarandi tilkynninga og birtinga:

- a) birtingar rekstraraðila skipulegs markaðar eða verðbréfafyrirtækis eða rekstraraðila markaðstorgs fjármálagerninga eða skipulegs markaðstorgs á ákvörðun sinni um að stöðva tímabundið viðskipti með eða taka úr viðskiptum fjármálagerning og, ef við á, tengdar afleiður, eða að aflétta tímabundinni stöðvun,
- b) tilkynningar um þær ákvarðanir sem um getur í a-lið til viðkomandi lögbærs yfirvalds,
- c) birtingar lögbærs yfirvalds á ákvörðun sinni um að stöðva tímabundið viðskipti með eða taka úr viðskiptum fjármálagerning og, ef við á, tengdar afleiður, eða að aflétta tímabundinni stöðvun,
- d) tilkynningar lögbærs yfirvalds til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og annarra lögbærra yfirvalda um ákvörðun um að stöðva tímabundið viðskipti með eða taka úr viðskiptum fjármálagerning og, ef við á, tengdar afleiður, eða að aflétta tímabundinni stöðvun,
- e) tilkynningar lögbærs yfirvalds, sem fengið hefur tilkynningu, til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og annarra lögbærra yfirvalda um ákvörðun sína um hvort fylgja skuli ákvörðun eins og um getur í d-lið.

2. gr.

Skilgreining á hugtakinu „rekstraraðili viðskiptavettvangs“

Að því er varðar þessa reglugerð merkir „rekstraraðili viðskiptavettvangs“ eitthvert af eftirfarandi:

- a) rekstraraðili skipulegs markaðar, markaðstorgs fjármálagerninga eða skipulegs markaðstorgs,
- b) verðbréfafyrirtæki sem rekur markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg.

3. gr.

Snið birtinga og tilkynninga rekstraraðila viðskiptavettvanga

1. Rekstraraðilar viðskiptavettvanga skulu birta þær ákvarðanir sem um getur í a-lið 1. gr. á vefsetri sínu á því sniði sem sett er fram í töflu 2 í viðaukanum.
2. Rekstraraðilar viðskiptavettvanga skulu tilkynna ákvarðanir sem um getur í a-lið 1. gr. til viðkomandi lögbærs yfirvalds á stöðluðu tölvulesanlegu formi sem það lögbæra yfirvald hefur samþykkt, með því að nota sniðið sem sett er fram í töflu 2 í viðaukanum.

4. gr.

Tímasetning birtinga og tilkynninga rekstraraðila viðskiptavettvanga

1. Rekstraraðilar viðskiptavettvanga skulu tafarlaust birta þær ákvarðanir sem um getur í a-lið 1. gr.
2. Rekstraraðilar viðskiptavettvanga skulu ekki birta þær ákvarðanir sem um getur í a-lið 1. gr. með öðrum hætti á undan birtingu þeirra í samræmi við 1. mgr. 3. gr.
3. Rekstraraðilar viðskiptavettvanga skulu tilkynna þær ákvarðanir sem um getur í a-lið 1. gr. til viðkomandi lögbærs yfirvalds um leið og þær eru birtar eða strax í kjölfarið.

5. gr.

Snið birtinga og tilkynninga lögbærra yfirvalda

1. Lögbær yfirvöld skulu birta ákvörðun þeirrar tegundar sem um getur í c-lið 1. gr. á vefsetri á því sniði sem sett er fram í töflu 3 í viðaukanum.
2. Lögbær yfirvöld skulu tilkynna þær ákvarðanir sem um getur í d- og e-lið 1. gr. á stöðluðu tölvulesanlegu formi með því að nota sniðin sem sett eru fram í töflum 3 og 4 í viðaukanum, í sömu röð.

6. gr.

Tímasetningar birtinga og tilkynninga lögbærra yfirvalda

1. Lögbær yfirvöld skulu tafarlaust birta ákvörðunina sem um getur í c-lið 1. gr.
2. Lögbær yfirvöld skulu tilkynna ákvörðun þeirrar tegundar sem um getur í d-lið 1. gr. um leið og hún er birt eða strax í kjölfarið.
3. Lögbært yfirvald sem fengið hefur tilkynningu skal við móttöku tilkynningarinnar sem um getur í d-lið 1. gr. tilkynna um ákvörðun þeirrar tegundar sem um getur í e-lið 1. gr. án ótilhlýðilegrar tafar.

7. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. janúar 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. júní 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Tafla 1

Táknatafla sem nota skal í öllum töflum

TÁKN	GAGNATEGUND	SKILGREINING
{ALPHANUM-n}	Allt að n-alstafir	Frjáls textareitur.
{COUNTRYCODE_2}	2 alstafir	2 bókstafa landskóði, í skilningi ISO 3166-1 alpha-2 landskóði
{DATE_TIME_FORMAT}	ISO 8601 dagsetningar- og tímasnið	Dagsetning og tími á eftirfarandi sniði: — ÁÁÁÁ-MM-DDTkk:mm:ss.Z. — „ÁÁÁÁ“ er árið, — „MM“ er mánuðurinn, — „DD“ er dagurinn, — „T“ — merkir að nota skuli bókstafinn „T“, — „kk“ er klukkustundin, — „mm“ er mínútan, — „ss“ er sekúndan, — Z er samræmdur heimstími (UTC). Dagsetningar og tíma skal tilkynna á UTC.
{ISIN}	12 alstafir	ISIN-kóði eins og hann er skilgreindur í ISO 6166.
{LEI}	20 alstafir	Auðkenni lögaðila eins og það er skilgreint í ISO 17442
{MIC}	4 alstafir	Markaðsauðkenni eins og það er skilgreint í ISO 10383

Tafla 2

Snið birtingar og tilkynningar rekstraraðila viðskiptavettvangs til viðkomandi lögbærs yfirvalds um ákvörðun sína um að stöðva tímabundið viðskipti með eða taka úr viðskiptum fjármálagerning og tengdar afleiður, og um ákvörðun sína um að aflétta tímabundinni stöðvun viðskipta með fjármálagerning og tengdar afleiður

REITUR	UPPLÝSINGAR SEM SKAL VEITA	SNÍÐ UPPLÝSINGAGJAFAR
Dagsetning og tími birtingar/tilkynningar	Reitur sem fylla skal út með dagsetningu og tíma birtingarinnar/tilkynningarinnar.	{DATE_TIME_FORMAT}
Tegund aðgerðar	Reitur sem fylla skal út með tegund aðgerðar.	Tímabundin stöðvun, taka úr viðskiptum, aflétting tímabundinnar stöðvunar.
Ástæður aðgerðar	Reitur sem fylla skal út með ástæðum aðgerðarinnar	{ALPHANUM-350}

REITUR	UPPLÝSINGAR SEM SKAL VEITA	SNIÐ UPPLÝSINGAGJAFAR
Tekur gildi frá og með	Reitur sem fylla skal út með dagsetningu og tíma sem aðgerðin tekur gildi frá og með.	{DATE_TIME_FORMAT}
Gildir til	Reitur sem fylla skal út með dagsetningu og tíma sem aðgerðin gildir til.	{DATE_TIME_FORMAT}
Yfirstandandi	Reitur sem fylla skal út með „rétt“ ef aðgerðin er yfirstandandi en annars „rangt“.	„Rétt“ — Aðgerð er yfirstandandi „Rangt“ — Aðgerð er ekki yfirstandandi
Viðskiptavettvangur(ar)	Reitur sem fylla skal út með MIC-kóða eða MIC-kóðum viðskiptavettvangs(a) eða hluta þeirra sem aðgerðin tengist.	{MIC} Ef gefa þarf upp fleiri en einn MIC-kóða skal fylla út þennan reit með MIC-kóðunum aðskildum með kommu.
Nafn útgefanda	Reitur sem fylla skal út með nafni útgefanda gerningsins sem aðgerðin tengist.	{ALPHANUM-350}
Útgefandi	Reitur sem fylla skal út með LEI-kóða útgefanda gerningsins sem aðgerðin tengist.	{LEI}
Auðkenniskóði gernings	Reitur sem fylla skal út með ISIN-númeri gerningsins.	{ISIN}
Fullt nafn gernings	Reitur sem fylla skal út með nafni gerningsins.	{ALPHANUM-350}
Tengdar afleiður	Reitur sem fylla skal út með ISIN-númerum tengdra afleiðna eins og tilgreint er í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/569 ⁽¹⁾ , sem aðgerðin tengist einnig.	{ISIN} Ef gefa þarf upp fleiri en eitt ISIN-númer skal fylla út þennan reit með ISIN-númerunum aðskildum með kommu.
Aðrir tengdir gerningar	Reitur sem fylla skal út með ISIN-númerum tengdra afleiðna sem aðgerðin hefur áhrif á.	{ISIN} Ef gefa þarf upp fleiri en eitt ISIN-númer skal fylla út þennan reit með ISIN-númerunum aðskildum með kommu.
Athugasemdir	Reitur til útfyllingar með athugasemdum.	{ALPHANUM-350}

⁽¹⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/569 frá 24. maí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir tímabundna stöðvun viðskipta með fjármálagerninga og töku þeirra úr viðskiptum (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 122).

Tafla 3

Snið birtinga og tilkynninga lögbærra yfirvalda um ákvörðun um að stöðva tímabundið viðskipti með eða taka úr viðskiptum fjármálagerning og tengdar afleiður og um að aflétta tímabundinni stöðvun viðskipta með fjármálagerning og tengdar afleiður

REITUR	UPPLÝSINGAR SEM SKAL VEITA	SNIÐ UPPLÝSINGAGJAFAR
Lögbært yfirvald	Reitur sem fylla skal út með upphafsstaforði lögbæra yfirvaldsins sem annast birtinguna/tilkynninguna.	{ALPHANUM-10}
Aðildarríki lögbærs yfirvalds	Reitur sem fylla skal út með landskóða aðildarríkis lögbæra yfirvaldsins sem annast birtinguna/tilkynninguna.	{COUNTRYCODE_2}

REITUR	UPPLÝSINGAR SEM SKAL VEITA	SNIÐ UPPLÝSINGAGJAFAR
Rekstraraðili viðskiptavettvangs sem á frumkvæði að aðgerðinni	Reitur sem fylla skal út með: — „rétt“, ef rekstraraðili viðskiptavettvangs á frumkvæði að aðgerðinni, eða — „rangt“, ef rekstraraðili viðskiptavettvangs á ekki frumkvæði að aðgerðinni heldur lögbært yfirvald.	„Rétt“ — Rekstraraðili viðskiptavettvangs á frumkvæðið „Rangt“ — Rekstraraðili viðskiptavettvangs á ekki frumkvæðið
Dagsetning og tími birtingar/tilkynningar	Reitur sem fylla skal út með dagsetningu og tíma birtingarinnar/tilkynningarinnar.	{DATE_TIME_FORMAT}
Tegund aðgerðar	Reitur sem fylla skal út með tegund aðgerðar.	Tímabundin stöðvun, taka úr viðskiptum, aflétting tímabundinnar stöðvunar.
Ástæður aðgerðar	Reitur sem fylla skal út með ástæðum aðgerðarinnar	{ALPHANUM-350}
Tekur gildi frá og með	Reitur sem fylla skal út með dagsetningu og tíma sem aðgerðin tekur gildi frá og með.	{DATE_TIME_FORMAT}
Gildir til	Reitur sem fylla skal út með dagsetningu og tíma sem aðgerðin gildir til.	{DATE_TIME_FORMAT}
Yfirstandandi	Reitur sem fylla skal út með „rétt“ ef aðgerðin er yfirstandandi en annars „rangt“.	„Rétt“ — Aðgerð er yfirstandandi „Rangt“ — Aðgerð er ekki yfirstandandi
Viðskiptavettvangur(ar)	Reitur sem fylla skal út með MIC-kóða eða MIC-kóðum viðskiptavettvangs(a) eða hluta þeirra sem aðgerðin tengist.	{MIC} Ef gefa þarf upp fleiri en einn MIC-kóða skal fylla út þennan reit með MIC-kóðunum aðskildum með kommu.
Nafn útgefanda	Reitur sem fylla skal út með nafni útgefanda gerningsins sem aðgerðin tengist.	{ALPHANUM-350}
Útgefandi	Reitur sem fylla skal út með LEI-kóða útgefanda gerningsins sem aðgerðin tengist.	{LEI}
Auðkenniskóði gernings	Reitur sem fylla skal út með ISIN-númeri gerningsins.	{ISIN}
Fullt nafn gernings	Reitur sem fylla skal út með nafni gerningsins.	{ALPHANUM-350}
Tengdar afleiður	Reitur sem fylla skal út með ISIN-númerum tengdra afleiðna eins og tilgreint er í framseldri reglugerð (ESB) 2017/569, sem aðgerðin tengist einnig.	{ISIN} Ef gefa þarf upp fleiri en eitt ISIN-númer skal fylla út þennan reit með ISIN-númerunum aðskildum með kommu.
Aðrir tengdir gerningar	Reitur sem fylla skal út með ISIN-númerum tengdra afleiðna sem aðgerðin hefur áhrif á..	{ISIN} Ef gefa þarf upp fleiri en eitt ISIN-númer skal fylla út þennan reit með ISIN-númerunum aðskildum með kommu.
Athugasemdir	Reitur til útfyllingar með athugasemdum.	{ALPHANUM-350}

Tafla 4

Sníð tilkynninga lögbærra yfirvalda til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og annarra lögbærra yfirvalda um ákvarðanir sínar um hvort fylgt verði tímabundinni stöðvun, töku úr viðskiptum eða afléttingu tímabundinnar stöðvunar

REITUR	UPPLÝSINGAR SEM SKAL VEITA	SNÍÐ UPPLÝSINGAGJAFAR
Lögbært yfirvald	Reitur sem fylla skal út með upphafsstafaorði lögbæra yfirvaldsins sem tilkynnti um upphaflegu aðgerðina.	{ALPHANUM-10}
Aðildarríki lögbærs yfirvalds	Reitur sem fylla skal út með landskóða aðildarríkis lögbæra yfirvaldsins sem tilkynnti um upphaflegu aðgerðina.	{COUNTRYCODE_2}
Lögbært yfirvald sem á frumkvæði að viðkomandi aðgerð	Reitur sem fylla skal út með upphafsstafaorði lögbærs yfirvalds sem fylgir eða fylgir ekki upphaflegu aðgerðinni.	{ALPHANUM-10}
Aðildarríki lögbærs yfirvalds sem á frumkvæði að viðkomandi aðgerð	Reitur sem fylla skal út með landskóða aðildarríkis lögbæra yfirvaldsins sem fylgir eða fylgir ekki upphaflegu aðgerðinni.	{COUNTRYCODE_2}
Tegund upphaflegrar aðgerðar	Reitur sem fylla skal út með tegund upphaflegrar aðgerðar	Tímabundin stöðvun, taka úr viðskiptum, aflétting tímabundinnar stöðvunar.
Ákvörðun um að fylgja, ef við á	Reitur sem fylla skal út, ef við á, með: — „rétt“ ef aðgerðinni er fylgt eða — „rangt“ ef aðgerðinni er ekki fylgt.	„Rétt“ — Aðgerðinni er fylgt „Rangt“ — Aðgerðinni er ekki fylgt
Ástæður ákvörðunar um að fylgja ekki töku úr viðskiptum, tímabundinni stöðvun eða afléttingu hennar, ef við á	Reitur sem fylla skal út með ástæðum ákvörðunarinnar um að fylgja ekki töku úr viðskiptum, tímabundinni stöðvun eða afléttingu hennar, ef við á.	{ALPHANUM-350}
Dagsetning og tími tilkynningar	Reitur sem fylla skal út með dagsetningu og tíma tilkynningar um viðkomandi aðgerð.	{DATE_TIME_FORMAT}
Tekur gildi frá og með	Reitur sem fylla skal út með dagsetningu og tíma sem viðkomandi aðgerð tekur gildi frá og með.	{DATE_TIME_FORMAT}
Gildir til	Reitur sem fylla skal út með dagsetningu og tíma sem viðkomandi aðgerð gildir til.	{DATE_TIME_FORMAT}
Yfirstandandi	Reitur sem fylla skal út með „rétt“ ef aðgerðin er yfirstandandi en annars „rangt“.	„Rétt“ — Aðgerð er yfirstandandi „Rangt“ — Aðgerð er ekki yfirstandandi
Viðskiptavettvangur(ar)	Reitur sem fylla skal út með MIC-kóða eða MIC-kóðum viðskiptavettvangs(a) eða hluta þeirra sem yfirstandandi aðgerð tengist.	{MIC} Ef gefa þarf upp fleiri en einn MIC-kóða skal fylla út þennan reit með MIC-kóðunum aðskildum með kommu.

REITUR	UPPLÝSINGAR SEM SKAL VEITA	SNIÐ UPPLÝSINGAGJAFAR
Nafn útgefanda	Reitur sem fylla skal út með nafni útgefanda gerningsins sem aðgerðin tengist.	{ALPHANUM-350}
Útgefandi	Reitur sem fylla skal út með LEI-kóða útgefanda gerningsins sem aðgerðin tengist.	{LEI}
Auðkenniskóði gernings	Reitur sem fylla skal út með ISIN-númeri gerningsins.	{ISIN}
Fullt nafn gernings	Reitur sem fylla skal út með nafni gerningsins.	{ALPHANUM-350}
Tengdar afleiður	Reitur sem fylla skal út með ISIN-númerum tengdra afleiðna eins og tilgreint er í framseldri reglugerð (ESB) 2017/569, sem aðgerðin tengist einnig.	{ISIN} Ef gefa þarf upp fleiri en eitt ISIN-númer skal fylla út þennan reit með ISIN-númerunum aðskildum með kommu.
Aðrir tengdir gerningar	Reitur sem fylla skal út með ISIN-númerum tengdra afleiðna sem aðgerðin hefur áhrif á.	{ISIN} Ef gefa þarf upp fleiri en eitt ISIN-númer skal fylla út þennan reit með ISIN-númerunum aðskildum með kommu.
Athugasemdir	Reitur til útfyllingar með athugasemdum.	{ALPHANUM-350}